

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurál Grundartanga Hvalfjörður



Dags eftirlits	6.12.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Norðurál Grundartanga	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5702972609	Flokkur	ÁI
Fulltrúi fyrirtækis	Bríet Ósk Magnúsdóttir	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Guðlaugur Bjarki Lúðvíksson	Staðsetning	365596,685 431351,563

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlit er varða löndun súrals og styrk olíu og fitu í frárennsli. Rekstraraðili hefur brugðist við báðum frávikunum og telst þeim því lokið. Engar ábendingar voru settar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í Norðurál og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

- Staðan frá síðasta eftirliti
- Löndun súrals
- Niðurstaða frárennismælinga, sbr. tölvupóst frá Norðurál 25. október sl.
- Önnur mál
- Skoðunarferð í flæðigryfju

Rekstraraðili fór yfir stöðuna frá síðasta eftirliti, kynnti niðurstöður mælinga á losun frá álverinu og fyrstu niðurstöður loftgæðamælinga ársins.

Farið var yfir tvær ábendingar sem bárust stofnuninni á árinu vegna losunar súrals á hafnarsvæðinu á Grundartanga. Í báðum tilfellum dreifðist súral frá löndunarkrana um hafnarsvæðið. Fram kom að rekstraraðili hefði farið í ítarlega rýni á atvikunum og farið í viðgerðir á löndunarkrananum í kjölfarið. Áætlað væri að ráðast í frekari breytingar á búnaði löndunarkranans á vormánuðum.

Farið var yfir niðurstöður frárennismælinga í rás 3, en þar mældist olía og fita, á þriðja ársfjórðungi, yfir starfsleyfismörkum. Rekstraraðili hefur rýnt atvikið, tæmt oliugildru og endurskoðað verklag. Síðari mælingar hafa verið innan starfsleyfismarkna.

Fram kom í eftirliti að fyrstu niðurstöður loftgæðamælinga á Kríuvörðu gæfu til kynna að styrkur flúorgass sé yfir starfsleyfismörkum. Í starfsleyfi eru sett umhverfismörk utan þynningarsvæðis 0,3 ug/m³ reiknað sem meðaltal á tímabilinu 1. apríl – 1. september. Fyrstu niðurstöður mælinga fyrir það tímabili árið 2023 gefa til kynna að styrkur flúorgass sé 0,34 ug/m³. Árið 2022 var aukin gróðurvöktun í nágrenni Kríuvörðu til að meta álag frá iðnaðarsvæðinu á Grundartanga, fyrstu niðurstöður vöktunar ársins 2023 gefa ekki til kynna aukið álag á gróður. Von er á staðfestum niðurstöðum umhverfissvöktunar á vormánuðum 2024.

Rætt var um fyrirhugaða endurskoðun á starfsleyfi Norðuráls. Nú stendur yfir uppfærsla á starfsleyfum álvera í landinu þannig að starfsleyfin samræmist að fullu niðurstöðum um bestu fánlegu tækni (BAT) sem og að verið er að fella niður þynningarsvæði álveranna.

Farið var í skoðunarferð að flæðigryfju Norðuráls. Ekki var tilefni til athugasemda.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 3.2 í starfsleyfi	Löndun súrals skal fara þannig fram að losun til lofts sé í lágmarki. Umhverfisstofnun bárust tvær ábendingar á árinu þar sem súral hafði dreifst yfir hafnarsvæðið við löndun. Rekstraraðili hefur brugðist við frávikinu og telst því lokið.
gr. 3.14 í starfsleyfi, sbr. 8. gr. laga nr. 33/2004	Mæling í frárennsli í rás 3 á athafnasvæði rekstraraðila reyndist

yfir starfsleyfismörkum á þriðja ársfjórðungi. Rekstraraðili hefur brugðist við frávikinum og telst því lokið.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 05.01.2024



Sigríður Magnúsdóttir

